

Ed. 471. Frumvarp til lánsfjárlaga [144. mál]

fyrir árið 1984.

(Eftir 3. umr. í Nd., 19. mars.)

Samhljóða þskj. 451 með þessum breytingum:

12. gr. hljóðar svo:

Þrátt fyrir ákvæði 2. tl. 9. gr. laga nr. 51/1983, um Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins, sbr. ákvæði laga nr. 52/1983, um útflutningsgjald af sjávarafurðum, skal framlag ríkissjóðs til Aflatryggingasjóðs eigi fara fram úr 18 600 þús. kr. á árinu 1984.

35. gr. hljóðar svo:

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð lán að fjárhæð allt að 30 millj. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt sem Bjargráðasjóður tekur og endurlánar bændum vegna ótíðar sumarið 1983. Endurlán Bjargráðasjóðs skulu vera með sömu kjörum og til jafnlangs tíma og ábyrgðarlán ríkissjóðs að viðbætti eðlilegri þóknun til Bjargráðasjóðs.

36. gr. hljóðar svo:

Lög þessi öðlast þegar gildi.